

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 69 28. apríl 1962, um tekjustofna sveitarfélaga.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt*: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Staflidír d—f í 30. gr. laganna orðist svo:

d. Þó skal skipta útsvari á milli sveitarfélaga:

1. ef gjaldandi flyzt búferlum á milli þeirra á árinu, áður en útsvar var á lagt. Útsvari skal skipt í réttu hlutfalli við þann tíma, sem gjaldandi átti lögheimili í hvoru eða hverju sveitarfélagi.
2. ef útsvarsgjaldandi rekur atvinnustöð utan lögheimilissveitar eða í fleiri en einu sveitarfélagi, skal skipta útsvari, sem lagt er á tekjur, á milli hlutaðeigandi sveitarfélaga, svo sem hér segir: Útsvarinu skal skipt á milli sveitarfélaganna, miðað við verðmæti framleiddrar vöru eða veittrar þjónustu, viðskiptaveltu, starfsmannafjölda, nýtingu fastafjármuna og annað, sem skipt getur máli. Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um skiptingu útsvara skv. þessum tölulíð.

e. Engin sveit getur krafizt hluta af útsvari skv. d-lið, 1. tl., nema gjaldandi hafi átt þar rétt lögheimili a. m. k. þrjá mánuði á árinu, sem hann fluttist. Sveitarfélag, þar sem útsvar er á lagt, hlýtur aldrei minna en  $\frac{1}{4}$  hluta af útsvari, sem skipt er skv. d-lið 2, og eigi verður útsvari þá skipt, nema í hlut þess sveitarfélags, sem skiptakröfu gerir, komi a. m. k. kr. 25000.00; þó má fjárhæðin lægri vera, ef hún eigi að síður nemur a. m. k. 5% af heildarútsvörum þess sveitarfélags, er kröfuna gerir.

Tekjuútsvari aðila, sem jafnframt greiðir landsútsvar, skal ekki skipt.

f. Kröfu um útsvarsskipti samkvæmt þessari grein, ásamt upplýsingum um búferlalaflutning eða þau atriði, sem um ræðir í 2. tl. d-liðs, skal senda fyrir lok aprilmánaðar ár hvert til sveitarstjórnar, þar sem útsvar skal á lagt.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Bráðabirgðaákvæði.

Krafa um útsvarsskipti samkvæmt 30. gr. d, 2. tl., vegna álagðra útsvara 1963 skal send fyrir 31. maí 1963, ásamt upplýsingum skv. 30. gr. f.

*Gjört að Bessastöðum, 30. apríl 1963.*

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

*Gunnar Thoroddsen.*